STJÓRNARTÍÐINDI B 113 – 2005

Nr. 840 1818 20. september 2005

REGLUGERÐ

um friðun steinbíts á hrygningartíma á Látragrunni.

1. gr.

Frá og með 24. september 2005 til og með 31. mars 2006 eru allar veiðar bannaðar á svæði á Látragrunni, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65°03′00 N – 26°42′00 V
2. 65°10′00 N – 26°42′00 V
3. 65°10′00 N – 25°43′00 V
4. 65°03′00 N – 25°50′00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. september 2005.

F. h. r.
Vilhjálmur Egilsson.

Jón B. Jónasson.

Gutenberg